

Atvinnuveganefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. mars 2023
Tilv.: 2303008

Efni: Umsögn Samkeppniseftirlitsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um leigu skráningarskyldra ökutækja, nr. 65/2015 (starfsleyfi), 751. mál.

1. Samkeppniseftirlitið vísar til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, þann 17. mars 2023, þar sem eftirlitinu var gefinn kostur á að veita umsögn frumvarp til laga um breytingu á lögum um leigu skráningarskyldra ökutækja, nr. 65/2015 (starfsleyfi), 751. mál á 153. löggjafarþingi.
2. Eins og rakið er í athugasemdum með frumvarpinu þá framkvæmdi OECD sjálfstætt samkeppnismat á regluverki íslenskrar ferðapjónustu og byggingariðnaðar. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (í dag menningar- og viðskiptaráðuneytið) hafði umsjón með verkefninu en það var unnið í náinni samvinnu við Samkeppniseftirlitið sem og önnur ráðuneyti og stofnanir. Í kjölfarið var gefin út skýrsla um verkefnið, en þar gerir OECD 438 tillögum til úrbóta.
3. Líkt og vitnað er til frumvarpinu voru gerðar tiltekna breytingar með lögum nr. 90/2021 sem byggðu á vinnu starfshóps ráðuneytisins sem stofnaður var í kjölfar útgáfu skýrslu OECD. Tók starfsmaður Samkeppniseftirlitsins þátt í þeirri vinnu. Var breytingunum ætlað að draga úr reglubyrði og aðgangshindrunum á málefnasviði ráðuneytisins.
4. Kemur fram að frumvarpið sem hér um ræðir sé síðari liður í viðbrögðum við tillögum OECD á því málefnasviði sem nú heyrir undir menningar- og viðskiptaráðuneytið. Með frumvarpinu er fram haldið þeirri vinnu sem hófst árið 2021 í þeim tilgangi að bæta enn frekar rekstrarskilyrði íslenskrar ferðapjónustu.
5. Að mati Samkeppniseftirlitsins er sú breyting sem lögð er til með frumvarpinu, þ.e. afnám skyldu um fasta starfsstöð, til verulegra bóta, og vísar að öðru leyti til þeirrar undirbúningsvinnu sem átt hefur sér stað, bæði á vettvangi fyrrnefnds vinnuhóps og hjá OECD.
6. Samkeppniseftirlitið leggur áfram áherslu á að koma til framkvæmda þeim tillögum sem fram koma í skýrslu OECD um úrbætur, til að draga úr samkeppnishindrunum í ferðapjónustu og byggingariðnaði.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið



Magnús Þór Kristjánsson